

**Ed. 52. Frumvarp til laga [50. mál]**  
um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

**1. gr.**

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með siglingamál.

**2. gr.**

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar, eftir því sem hún telur þörf á.

2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Smiðateikningar skipa eru háðar viðurkenningu Siglingamálastofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykktu um öryggi mannlífa á hafinu, sem Ísland er aðili að, og gefa út skipsskjöl fyrir íslensk skip samkvæmt þeim
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjaskipamþykktu, sem Ísland er aðili að, og ákveða hleðslumerki skipa og gefa út hleðslumerkjaskirteini samkvæmt þeim.
5. Að ákvarða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum, er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni, sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál, er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa. Annast skýrslugerð um íslenskan skipastól. Gefa árlega út skrá yfir íslensk skip, miðað við 1. janúar ár hvert, og aukaskrár, ef þörf krefur. Þar skal og birta skrá yfir einkaleyfissöfn skipa, skip í smíðum, skip, sem felld hafa verið niður af skipaskrá á árinu og annan gagnlegan fróðleik um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMCO) í samráði við utanríkisráðuneytið, svo og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir varðandi þau mál, sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

### 3. gr.

Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

### 4. gr.

Forseti skipar siglingamálastjóra til að annast framkvæmdastjórn þeirra mála, sem falin eru Siglingamálastofnuninni. Hann skal vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

### 5. gr.

Siglingamálastofnunin hefur skrifstofu í Reykjavík.

### 6. gr.

Ráðherra skipar fasta starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Fast starfsfólk Siglingamálastofnunarinnar tekur laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisins.

Skipaskoðunarmenn og skipamælingamenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er

þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.

#### 7. gr.

Siglingamálastjóri skal hafa sérfróðan staðgengil, aðstoðarsiglingamálastjóra, er hafi sömu menntun og krafizt er í starf siglingamálastjóra. Við Siglingamálastofnunina skulu starfa einn eða fleiri sérmenntaðir menn í eftirtöldum sérgreinum:

Skipaverkfræði.  
Skipatæknifræði.  
Vélatæknifræði.  
Tréskipasmiði.  
Vélfræði (vélstjóri með fyllstu atvinnuréttindi).  
Skipamælingum.  
Siglingafræði (skipstjóri með fyllstu atvinnuréttindum á flutningaskipum).  
Fiskveiðum (skipstjóri með fyllstu atvinnuréttindum á fiskiskipum).  
Sjóréttarmálum (vegna sjóslysamála).  
Skráningu skipa.  
Raftækni í skipum.  
Radíótækni.

#### 8. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði: Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar eyjar meðtaldar.
2. eftirlitssvæði: Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.
3. eftirlitssvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.
4. eftirlitssvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.
5. eftirlitssvæði: Vestmannaeyjar.

#### 9. gr.

Siglingamálastjóri skipar eftirlitsmann fyrir hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn siglingamálastjóra.

Ef siglingamálastjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er siglingamálastjóri samþykkir, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi siglingamálastjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynnir að rísa um haffæri skipa.

Siglingamálastjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

#### 10. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

##### I. eftirlitssvæði:

1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. skoðunarsvæði: Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. skoðunarsvæði: Frá Þjórsá að Grindavík.
4. skoðunarsvæði: Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. skoðunarsvæði: Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.

6. skoðunarsvæði: Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. skoðunarsvæði: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítarár).
8. skoðunarsvæði: Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. skoðunarsvæði: Frá Búlandshöfða að Skor. (Breiðafjarðareyjar meðtaldar).

#### II. eftirlitssvæði:

10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. skoðunarsvæði: Arnarfjörður.
12. skoðunarsvæði: Dýrafjörður.
13. skoðunarsvæði: Önundarfjörður.
14. skoðunarsvæði: Súgandafjörður.
15. skoðunarsvæði: Frá Gelti að Geirhólma.
16. skoðunarsvæði: Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

#### III. eftirlitssvæði:

17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. skoðunarsvæði: Frá Skagatá að Haganesvík.
19. skoðunarsvæði: Haganesvík að Siglunestá.
20. skoðunarsvæði: Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. skoðunarsvæði: Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grimsey.
22. skoðunarsvæði: Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. skoðunarsvæði: Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

#### IV. eftirlitssvæði:

24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. skoðunarsvæði: Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. skoðunarsvæði: Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. skoðunarsvæði: Frá Dalatá að Gerpi.
28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
29. skoðunarsvæði: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
30. skoðunarsvæði: Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
31. skoðunarsvæði: Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

#### V. eftirlitssvæði:

32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

#### 11. gr.

Siglingamálastjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður siglingamálastjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

#### 12. gr.

Siglingamálastofnunin skal að jafnaði hafa starfandi umferðaeftirlitsmenn, sem ferðast um landið til að samræma störf skipaskoðunarmanna, í samráði við skipaeftirlitsmann hvers eftirlitssvæðis. Skulu umferðaeftirlitsmenn einnig framkvæma skyndiskoðanir í höfnum eða á sjó, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Milli ferða skulu umferðaeftirlitsmenn starfa við skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar, og skal siglingamálastjóri setja þeim starfsreglur.

**13. gr.**

Siglingamálastjóri löggildir eftir þörfum skipamælingamenn samkvæmt lögum um skipamælingar. Skipamælingamenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna. Þeir skulu hafa þekkingu á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og hafa fengið æfingu í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum siglingamálastjóra.

**14. gr.**

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum siglingamálastjóra. Heimilt er þó siglingamálastjóra að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdæmis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

**15. gr.**

Áður en embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar hefja störf, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir annast nein störf Siglingamálastofnunarinnar vegna skipa, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða þeirra skipa, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

**16. gr.**

Þegar embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem státt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða siglingamálastjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa tófum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

**17. gr.**

Embættis- og sýslunarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

**18. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi ákvæði laga, sem í bág kunna að fara við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I.**

Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins var lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi 1967—1968. Málinu var vísað til sjávarútvegsnefndar efri deildar. Að tilhlutun nefndarinnar kom skipaskoðunarstjóri á fund hennar og gerði grein fyrir þörf á endurskoðun löggjafar um þau efni, sem frv. fjallaði um. Nefndin leitaði einnig umsagnar Verkfræðingafélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Landssambands

skipasmíðastöðva. Í svörum þessara aðila kom fram, að þeir höfðu ýmislegt, en þó mismunandi mikið, að athuga við frv. og einstakar greinar þess. Eftir að nefndin hafði rætt málið á fundum sínum, taldi hún haganlegast, að nánari athugun færi fram á frv. milli þinga. Var málið síðan afgreitt með rökstuddri dagskrá, þar sem því var beint til ríkisstjórnarinnar að láta fara fram á frv. nánari athugun sérfróðra manna og aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og leggja endurskoðað frv. fyrir næsta Alþingi.

Samgöngumálaráðuneytið æskti með bréfum, dags. 3. okt. 1968, umsagnar um málið frá Guðmundi H. Oddssyni, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Sverri Júlíussoni, formanni Landssambands isl. útvegsmanna. Gáfu þeir sameiginlega umsögn um framangreint frv., dags. 14. marz 1969, eftir að hafa kannað rækilega þau mál-efni, er frv. fjallaði um. Er umsögn þeirra mjög ýtarleg, og í niðurlagi hennar eru bornar fram tillögur um tilteknar breytingar á frv. Sendi samgöngumálaráðuneytið síðan skipaskoðunarstjóra endurrit af umsögninni með bréfi, dags. 11. apríl 1969.

Við endurskoðun þá, er nú hefur farið fram á frv., hefur verið, eftir því sem unnt þótti, tekið tillit til tillagna þeirra Guðmundar H. Oddssonar, Jóns Sigurðssonar og Sverris Júlíussonar. Hafa þeir lesið frv. þetta og telja fyrir sitt leyti, að breytingarnar séu fullnægjandi, sbr. umsögn þeirra, dags. 6. okt. 1969, sem er fskj. með frv. þessu. Þess skal getið, að viðvíkjandi einni tillögunni hefur ákvæði til samræmingar við hana verið tekið upp í 5. mgr. 39. gr. frv. til laga um eftirlit með skipum, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis frv. þessu. Aðrar breytingar til samræmingar við tillögurnar eru í 1., 2. og 9. tölul. 2. gr., 4. gr. og 6. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir. Verður þess nánar getið í athugasemdum við þær greinar, þar sem skírskotað er til tillagna umsagnaraðila.

## II.

Þegar fyrst voru sett hér á landi lagaákvæði um skráningu skipa og skipamælingar, sbr. tvær tilskipanir frá 25. júní 1869, voru störf þar að lútandi lögð til lögreglustjóra undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar og að sumu leyti beint til ríkisstjórnarinnar, þ. e. viðkomandi stjórnarskrifstofu í Kaupmannahöfn. Eftir að Ísland fékk innlenda stjórn, voru störf hinnar dönsku stjórnarskrifstofu í þessum málum flutt til fjármálaskrifstofu (síðar fjármálaráðuneytis) stjórnarráðsins. Svipað fyrirkomulag var haft, þegar fyrst voru sett lög um eftirlit með skipum, sbr. lög nr. 25 frá 3. okt. 1903, lög nr. 29 frá 22. okt. 1912 og lög nr. 37 frá 19. júní 1922. Framkvæmd skipaefirlitsins var þó lögð til atvinnumálaráðuneytisins.

Með lögum nr. 58 frá 14. júní 1929 um eftirlit með skipum var sett á stofn embætti skipaskoðunarstjóra. Voru honum falin þau störf varðandi eftirlitið, sem áður voru í höndum atvinnumálaráðuneytisins. Stofnun sú, sem undir forstöðu skipaskoðunarstjóra hefur annast eftirlitið, hefur gengið undir nafninu Skipaskoðun ríkisins. Yfirumsjón með eftirlitinu hefur nú ráðherra sá, sem fer með siglingamál, sbr. 1. gr. núgildandi laga um eftirlit með skipum nr. 50 frá 31. júlí 1959.

Störf þau viðvíkjandi skráningu skipa, sem fjármálaráðuneytið hafði haft með höndum, voru lögð til skipaskoðunarstjóra með lögum um skráningu skipa nr. 37 frá 19. maí 1930, sbr. og lög nr. 26 frá 13. júní 1937. Í lögunum segir, að í þessu skyni skuli sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningarstofa ríkisins. Var skipaskoðunarstjóra þá einnig falið að gegna embætti skipaskráningarstjóra, sbr. nú 4. gr. laga um skráning skipa nr. 17 frá 8. marz 1948. Fjármálaráðuneytið hefur yfirumsjón með skipaskráningunni.

Með áðurgreindum lögum nr. 37 frá 1930 var fjármálaráðuneytinu heimilað að fela skipaskoðunarstjóra að annast dagleg störf varðandi skipamælingar. Síðan voru skipamælingar lagðar beint til skipaskoðunarstjóra með lögum um skipamælingar

nr. 23 frá 20. marz 1950, sem enn eru í gildi. Yfirumsjón með skipamælingum hefur fjármálaráðuneytið.

Samkvæmt lögum nr. 77 frá 10. maí 1966 um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 184 frá 16. ágúst 1966, er skipaskoðunarstjóra falin framkvæmd þessara mála í samræmi við alþjóðasamþykkt um sama efni frá 1954 og 1962.

Auk framangreindra málaflokka, sem með sérstökum lögum og reglugerðum hafa verið lagðir til Skipaskoðunar ríkisins og Skipaskráningarstofu ríkisins, hefur skipaskoðunarstjóraembættinu í reynd verið falin framkvæmd og fyrirgreiðsla ýmissa annarra siglingamálefna og að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál. Verða hér á eftir rakin hin helztu verkefni, sem skipaskoðunarstjóraembættið hefur nú með höndum.

1. **Eftirlit með skipum** samkvæmt lögum nr. 50 frá 31. júlí 1959, sbr. lög nr. 24 frá 7. apríl 1962 um breytingu á þeim lögum. Tekur eftirlitið m. a. til nýsmíði skipa, innflutnings, búnaðar og breytinga, að gætt sé reglna um hleðslu skipa og haffæri og yfirleitt að fullnægt sé fyrir mælum um öryggi skipa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og alþjóðasamþykktum. Skipaskoðunarstjóri gefur út haffærisskirteini og önnur skirteini, sem skipum ber að hafa samkvæmt lögum og alþjóðasamþykktum. Þá hefur Skipaskoðun ríkisins mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við sjópróf, rannsóknir sjóslysa og könnun á orsökum þeirra. Í lögum um eftirlit með skipum eru ákvæði um siglingadóm, hlutverk hans og störf.
2. **Skráning skipa** samkvæmt lögum nr. 17 frá 8. marz 1948, sbr. lög nr. 100 frá 11. des. 1961 um breytingu á þeim lögum. Skipaskráningarstjóri gefur út þjóðernisskirteini skipa og kannar í því sambandi skilyrði fyrir því, að skip geti talizt íslenzkt og megi sigla undir íslenskum fána. Á Skipaskráningarstofunni er haldin aðalskipaskrá yfir íslenzk skip, þar sem skráðar eru margvíslegar upplýsingar um skipin, m. a. um smíðastöð skips og hvenær það sé smíðað, tegund þess, stærð, nafn og önnur auðkenni, tilgreining um eiganda eða eigendur, svo og allar breytingar, er á þessum skráningaratriðum verða. Skipaskráningarstjóri veitir einkaleyfi til nafns skips og annarra auðkenna, eftir því sem lög kveða á um. Þá hefur Skipaskráningarstofan gefið út árlega skrá yfir íslenzk skip, þar sem birtur er ýmis gagnlegur fróðleikur um íslenzkan skipastól.
3. **Mæling skipa** samkvæmt lögum um skipamælingar nr. 23 frá 20. marz 1950. Skipaskoðunarstjóri löggildir hæfa menn til að framkvæma mælingarnar. Hann gefur og út mælibréf til handa skipum í samræmi við ákvæði laga og alþjóðasamþykktta.
4. Framkvæmd laga nr. 77 frá 10. maí 1966 um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu hefur verið falin Skipaskoðun ríkisins, eins og fyrr var getið.
5. Ísland er aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMCO), sbr. augl. nr. 6 frá 1. febr. 1961. Málefni af hálfu Íslands, er þá stofnun varða, hafa í reynd verið afgreidd af skipaskoðunarstjóraembættinu í samráði við utanríkisráðuneytið, þótt efni einstakra mála kunni að heyra undir mismunandi ráðherra.
6. **Umsagnir um undanþágur vélstjóra**, sbr. V. kafla laga nr. 72 frá 13. maí 1966, eru að nokkru fengnar hjá Skipaskoðun ríkisins, en undanþágurnar eru endanlega afgreiddar af siglingamálaráðuneytinu.
7. Mál, sem varða alþjóðasiglingareglur, hafa verið unnin og reglurnar gefnar út af Skipaskoðun ríkisins, enda er þar um mál á vegum IMCO að ræða.
8. **Umsagnir vegna endurgreiðslu** tolla af efni og tækjum til nýsmíða skipa, véla-skipta og stærri viðgerða vinnur Skipaskoðun ríkisins fyrir fjármálaráðuneytið. Til þess þarf að fara yfir samninga og smíðalýsingar, reikninga og teikningar, auk skoðanaskýrsla skipanna.

9. Auk eftirlits með nýsmíði skipa hefur Skipaskoðun ríkisins samtímis verið íslenzkum skipasmíðastöðvum á ýmsan hátt tæknilegur leiðbeinandi, og ríkir gagnkvæmur skilningur á nauðsyn þess. Í þeim tilgangi gefur stofnunin út umburðarbréf, sem mörg eru leiðbeinandi og samræmandi um einstök framkvæmdaratriði í nýsmíði og stöðvunum til hagræðis. Á þennan hátt er miðlað reynslu, sem ekki sízt er mikilvæg í þróun íslenzkrar stálskipasmíði.
10. Skipaskoðun ríkisins hefur til umráða ýmsan tækjabúnað til að kanna gæði á stáli og rafsuðu og þjálfað starfslíð til röntgenmyndatöku af rafsuðu og mælinga og athugana á stáli með örhljóðbylgjutæki, mælitæki til rakamælinga á efni í tréskip, burðarþolsmælinga á lyftibómum og veiðibúnaði o. fl.
11. Hér að framan er ekki um tæmandi upptalningu að ræða, en í stuttu máli sagt eru nú flest þau mál, er varða skip og siglingar, sem afgreiða þarf af hálfu opinberra íslenzkra aðila, fengin skipaskoðunarstjóra til umsagnar eða afgreiðslu.

Eins og sjá má af því, sem tilfært er hér að framan, var Skipaskoðun ríkisins upphaflega ætlað það hlutverk að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum. Við það er miðað nafn stofnunarinnar og starfsheiti skipaskoðunarstjóra. Þegar svo stofnuninni var falin skráning skipa, voru við hlið hinna fyrri nafna lögtekin heitin Skipaskráningarstofa ríkisins og skipaskráningarstjóri. Eftir það voru skipamælingar lagðar með lögum til stofnunarinnar. Hér er því í rauninni um að ræða fleiri en eina stofnun frá lagalegu sjónarmiði, og þó að þær hafi í reynd þróast í eina stofnun, þá heyra hlutar hennar undir mismunandi ráðherra. Þá hafa stofnuninni og verið falin ýmis verkefni, eins og áður getur, sem ekki standa í beinu sambandi við aðalverkefnið, skipaefntirlit, skipaskráningu eða skipamælingar. Stofnunin er því orðin miklu fjölbættari en nafn hennar eða nöfn gefa til kynna.

Svo sem málum er háttað, er orðin brýn þörf á, að sett séu um stofnunina sérstök heildarlög, þar sem henni sé valið heiti í samræmi við tilgang hennar og hlutverk, staða hennar í embættiskerfi ríkisins ákveðin, grein gerð fyrir verkefnum hennar og ákvæði sett um stjórn hennar, skipun starfsmanna og önnur atriði, sem telja má meira eða minna sameiginleg í starfsemi stofnunarinnar. Hins vegar er engin teljandi efnisbreyting fyrirhuguð á starfssviði hennar, og ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfslíðs við breytingu þá, sem frumvarpið felur í sér.

Þrátt fyrir þau heildarákvæði, sem tekin eru upp í frumvarp þetta, verður að sjálfsgöngu áfram þörf fyrir sérlög um hinar einstöku verkefnagreinar stofnunarinnar, sem mestu máli skipta, þ. e. lög um eftirlit með skipum, lög um skráningu skipa og lög um skipamælingar. Hefur að undanfögnu farið fram alhliða endurskoðun á þeim þremur lagabálkum, sem hér að lúta, og verða frumvörp um þau efni lögð fyrir Alþingi jafnhliða þessu frumvarpi. Er tilætlunin sú að byggja upp frá grunni öll þessi verksvið og að gera skipulag þessara mála og framkvæmd þeirra einfaldara en nú er. M. a. er gert ráð fyrir, að stofnunin verði undir yfirstjórn sama ráðherra, þess er fer með siglingamál. Hér er um að ræða hliðstæða þróun við það, sem verið hefur að gerast að undanfögnu annars staðar á Norðurlöndum, t. d. í Noregi. Þar hafa mál, er varða skip og siglingar, verið sameinuð í einni Siglingamálastofnun (Sjöfartsdirektoratet) undir stjórn siglingamálastjóra (sjöfartsdirektören). Er og auðsætt, að hagkvæmast er til vinnuhagræðingar, að öll slík mál heyri undir sömu stofnun og sama ráðherra.

Samkvæmt frumvarpinu verður Siglingamálastofnunin ein af þeim stjórnarstofnunum ríkisins, sem ná til landsins alls, hliðstæð embættum vegamálastjóra, vita- og hafnarmálastjóra, flugmálastjóra o. s. frv. Er hér ekki um neina breytingu að ræða á stjórnarfarslegri stöðu stofnunarinnar frá því, sem hún er nú samkvæmt lögum og í framkvæmd. Hið fyrirhugaða heiti stofnunarinnar er valið í samræmi við þetta og hinn víðtæka tilgang og hlutverk hennar, eins og að framan er lýst.



### III.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

Í hinni almennu umsögn hér að framan var því lýst, að velja beri stofnuninni nafn í samræmi við tilgang hennar og hlutverk. Þar er þess einnig getið, að haganlegast sé, að stofnunin starfi undir yfirstjórn eins ráðherra. Leiðir af sjálfu sér, að það verði ráðherra sá, er fer með siglingamál.

##### Um 2. gr.

Að því er varðar hlutverk stofnunarinnar, skulu eftirfarandi athugasemdir gerðar:

Um 1. lið: Ákvæði þessa tölul. er aðeins staðfesting á því, sem gerzt hefur í framkvæmd á undanförnum árum, svo sem nánar er lýst í hinni almennu umsögn.

Við endurskoðun frv. hefur við þennan lið verið bætt orðunum: „eftir því sem hún telur þörf á“. Er það gert í samræmi við tillögur fyrrgreindra þriggja umsagnaraðila, enda hefur ríkisstjórnin að sjálfsögðu í hendi sinni að leita umsagna og ráða um þessi mál hjá fleiri aðilum en Siglingamálastofnuninni.

Um 2. lið: Með ákvæðum þessa tölul. eru stofnuninni ekki fengin ný hlutverk í hendur, heldur er skírskotað í aðaldráttum til þeirrar starfsemi, sem henni er eða verður falin í lögum um eftirlit með skipum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. núgildandi lög nr. 50/1959 og frv. til nýrra laga um eftirlit með skipum, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis frv. þessu. Hér hefur við endurskoðun frv. verið bætt við síðari málslið orðunum: „í samræmi við ákvæði laga og reglugerða“. Lýtur ein tillaga umræddra umsagnaraðila að þessari breytingu. Að vísu var ekki ætlað til, að ákvæði upphaflega frv. yrði skýrt á annan hátt, en með breytingunni er þetta gert skýrara.

Um 3. lið: Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu, sem hér er vísað til, var gerð í London 17. júní 1960. Gildir hún hér á landi, sbr. augl. nr. 8/1965 (í C-deild Stj.tíð.). Skipaskoðunarstjóra er nú í 26. gr. laga nr. 50/1959 falið að gefa út skírteini samkvæmt slíkri alþjóðasamþykkt (þar vísað til eldri samþykktar), sbr. og 16. gr. fyrrgreinds frv. til laga um eftirlit með skipum.

Um 4. lið: Í 38. gr. laga nr. 50/1959 er skipaskoðunarstjóra falið að gefa út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa, er gerð var í London 5. júlí 1930. Ný alþjóðasamþykkt um sama efni var gerð í London 5. apríl 1966. Hún hefur ekki enn verið staðfest af Íslands hálfu, en ráð er gert fyrir, að svo verði, sbr. og tilvísun til hennar í 29. gr. fyrrgreinds frv.

Um 5. lið: Framangreind alþjóðasamþykkt um hleðslumerki frá 5. apríl 1966 nær ekki til fiskiskipa. Er því gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglur um hleðslumerki þeirra.

Um 6. lið: Í VIII. kafla laga nr. 50/1959, sbr. lög nr. 24/1962, er lagt fyrir Skipaskoðun ríkisins að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og skipaskoðunarstjóra falið að rita umsagnir til saksóknara, sbr. og hliðstæð ákvæði í VIII. kafla fyrrgreinds frv. Ákvæði 6. tölul. um birtingu á niðurstöðum rannsókna á sjóslysum er hins vegar nýmæli. Sbr. og álitsgerð sjóslysanefndar frá 30. marz 1965.

Um 7. lið: Eins og getið er í hinni almennu umsögn hér að framan, hefur skipaskoðunarstjóra verið falið að annast framkvæmd á þeim málum, sem hér ræðir um, sbr. reglur nr. 184/1966.

Um 8. lið: Viðvíkjandi efni þessa tölul. skal skírskotað til gildandi laga um skipamælingar nr. 23/1950 og alþjóðasamþykktar um samræmdar aðferðir við skipamælingar, er gerð var í Osló 10. júní 1947. Ný alþjóðasamþykkt um sama efni, undirrituð í London 23. júní 1969, hefur ekki enn tekið gildi. Sbr. og 2. gr. frv. til laga um skipamælingar, sem lagt verður fyrir Alþingi samtímis þessu frv.

Um 9. lið: Í þessum tölul. ræðir um störf stofnunarinnar samkvæmt lögum um skráningu skipa, sbr. núgildandi lög nr. 17/1948 og frv. til nýrra skráningarlaga. Í upphaflega frv. var 3. másl. þessa tölul. orðaður svo: „Gefa árlega út skrá yfir íslensk skip, miðað við 1. janúar ár hvert“. Ákvæði þetta er látið haldast, en við er bætt orðunum: „og aukaskrá, ef þörf krefur“. Er með því fallizt á tillögu frá áðurgreindum umsagnaraðilum. Hins vegar þykir ekki haganlegt að taka upp í frv. tillögur, er lúta að samstarfi Siglingamálastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands um útgáfu skipaskrár.

Um 10. lið: Um aðild Íslands að Alþjóðasiglingamálastofnuninni og störf skipaskoðunarstjóra í því sambandi er rætt í hinni almennu umsögn hér að framan.

Um 11. lið: Hér er almennt ákvæði um störf varðandi siglingamál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni.

#### Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

#### Um 4. gr.

Hér ræðir um skipun siglingamálastjóra og hvaða kröfum um embættisgengi hann skal fullnægja. Til samræmis við tillögur umræddra umsagnaraðila eru felld burt úr hinu upphaflega frv. orðin: „hafa sérþekkingu á málum stofnunarinnar“. Þá er og efni 2. mgr. upphaflega frv. hér flutt til 6. gr.

#### Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

#### Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði 6. gr. upphaflega frv. tekin upp óbreytt.

Í 2. mgr. er tekið upp efni úr 55. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 50/1959 og 17. gr. laga um skipamælingar nr. 23/1950.

Efni það, er áður var í 2. mgr. 4. gr. upphaflega frv., er hér tekið upp og aukið þannig, að það er einnig látið ná til fastra starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar, og við er bætt nánari ákvæðum. Breyting þessi er gerð til samræmingar við tillögur fyrrgreindra umsagnaraðila.

#### Um 7. gr.

Hér er 7. gr. upphaflega frv. tekin upp óbreytt. Svarar hún til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 50/1959. Ákvæði 7. gr. frv. eru í samræmi við núverandi starfsmannþörf stofnunarinnar.

#### Um 8. gr.

Tekin eru upp óbreytt ákvæði 8. gr. upphaflega frv., sbr. 10. gr. laga nr. 50/1959.

#### Um 9. gr.

Ákvæði 2. mgr. eru tekin úr 2. mgr. 18. gr. laga nr. 50/1959. Að öðru leyti eru hér óbreytt fyrirmæli 9. gr. upphaflega frv., sbr. 11. gr. laga nr. 50/1959.

#### Um 10. gr.

Hér er óbreytt 11. gr. upphaflega frv., sbr. 13. gr. laga nr. 50/1959. Þess skal getið, að 10. gr. upphaflega frv. hefur nú verið flutt til hins nýja frv. um eftirlit með skipum og er þar 8. gr.

#### Um 11. gr.

Óbreytt ákvæði 12. gr. upphaflega frv., sbr. 14. gr. laga nr. 50/1959.

#### Um 12. gr.

Þess skal fyrst getið, að ákvæði 13. gr. upphaflega frv. hafa nú verið flutt til 9. gr. í hinu nýja frv. um eftirlit með skipum.

Ákvæði 12. gr. svara til 14. gr. upphaflega frv. Er hér um nýmæli að ræða. Eins og fram kemur í 10. gr. þessa frv., eru skoðunarsvæði landsins 32 að tölu. Nauðsynlegt er, að samræmis sé gætt í störfum skoðunarmanna um land allt, og ber Siglingamálastofnuninni að hafa eftirlit með því. Er þá haganlegt, að stofnunin hafi heimild til að senda sérstaka eftirlitsmenn til hinna ýmsu skoðunarsvæða, sem í samráði við hina föstu eftirlitsmenn vinni að því, að samræmi haldist í framkvæmd skoðana.

#### Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar voru ekki í hinu upphaflega frv. Þær svara efnislega til 2. og 3. gr. laga um skipamælingar nr. 23/1950. Þykja ákvæði þeirra eiga heima í lögum um Siglingamálastofnunina meðal almennra fyrirmæla um starfsmenn og umdæmskipun.

#### Um 15.—17. gr.

Hér eru 15.—17. gr. upphaflega frv. teknar upp án breytinga. Er efni greinanna sótt til laga nr. 50/1959. Svarar 15. gr. frv. til 15. gr. laganna, 16. gr. frv. til 20. gr. laganna og 17. gr. frv. til 21. gr. laganna.

#### Fylgiskjal.

Guðmundur H. Oddsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,  
Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands,  
Sverrir Júlíusson, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna.

#### Umsögn um nýtt frumvarp til laga um Siglingamálastofnun Íslands.

Í tilefni af nýsömdu frv. til l. um Siglingamálastofnun Íslands, sem ætlunin mun vera að leggja fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—1970, og sem við höfum verið beðnir að tjá okkur um, viljum við taka fram eftirfarandi:

Fyrir Alþingi, 88. löggjafarþingi, 1967—1968, lá frumv. um þetta efni. Svo sem fram kemur í grg. fyrir hinu nýja frumv., var fyrri frumv. vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari könnunar ýmissa veigamikilla atriða, sem þyrftu athugunar við.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar, sem um málið fjallaði og flutti hina rökstuddu dagskrá um vísun málsins til ríkisstjórnarinnar, hafði leitað umsagnar ýmissa aðila um frumv. og er ekki að efa, að þær, eða a. m. k. sumt af efni þeirra, hefur leitt til fyrrgreindar afstöðu efri deildar.

Með bréfum 3. október 1968 óskaði samgöngumálaráðuneytið umsagnar okkar um frumvarpið og álitserðirnar, og þótt þess væri ekki í bréfum þessum óskað, að við sendum sameiginlega umsögn um málið, þótti okkur bezt á því fara, ef við gætum orðið sammála um hana. — Þar sem gögn þessa máls eru mjög umfangsmikil, fengum við Ingimar Einarsson, lögfræðing, okkur til aðstoðar við könnun gagna og samningu umsagnarinnar.

Við töldum strax í upphafi rétt að vinna að álitserð okkar eingöngu á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lágu, en án teljandi samráðs við þá aðila, sem málið snerti eða höfðu áður gefið umsagnir um það. Þessu fylgdi að sjálfsögðu sú hætta, að okkur gæti yfirsézt í einhverjum atriðum, en úr því var auðvelt að bæta síðar, þar sem málið var ekki á neinu lokastigi.

Okkur þótti þegar ljóst, að ein af veigamiklum ástæðum til rökstuddu dagskrárinnar væri sú staðhæfing, sem kom fram í umsögnum um upphaflega frumv. að með því væri verið að færa út verksvið Skipaskoðunar ríkisins og skráningar-

stofunnar og stefnt að fjölgun starfslíðs þeirra. Við sannfærðumst þó strax um, að þetta hafði ekki við rök að styðjast. Þessi staðhæfing virðist einnig hafa stuðlað að þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri að kalla til sérfræðinga til könnunar málsins. Við komumst fljótt að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri með öllu óþarft, þar sem frumv. stefndi aðeins að setningu nokkurs konar rammalaga um þau verk-svið, sem skrifstofa Skipaskoðunar- og skráningarstjóra hefur nú þegar með hönd-um. Við sannfærðumst og um, að ný lagasetning, eins og frumv. stefndi að í meg-inatriðum, væri æskileg til aukinnar samræmingar og til að gera fyrirkomulag þess-ara mála einfaldara og skýrara, en jafnframt væri hún nauðsynlegur grundvöllur fyrir hugsanlegum breytingum og lagfæringum á þeim lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem þessar stofnanir nú starfa eftir og framkvæma. — Um þessi efni má í aðalatriðum vísa til þeirrar grg., sem fylgir nýsömdu frumv.

Umsögn okkar, sem við skiluðum 14. marz s. l. er alllöng og ástæðulaust að taka hana hér upp á ný. Í niðurlagi hennar gerðum við till. um nokkrar breytingar á frumv. eins og það lá fyrir Alþingi, 88. löggjafarþingi, 1967—1968, sem nokkuð verður vikið að síðar.

Eftir að við skiluðum umsögn okkar, fól samgöngumálaráðuneytið Þórði Ey-jólfssyni, fyrrv. hrd., að semja nýtt frumv. um þessi mál. Fjallar þessi umsögn okkar um það.

Við samningu þessa frumv. svo og frumv. um eftirlit með skipum hefur Þórður Eyjólfsson, hrd., tekið tillit til ábendinga okkar, eftir því sem honum hefur þótt fært, og teljum við það eftir atvikum alveg viðunandi með þeim skýringum, sem hér fara á eftir.

1. Við lögðum til, að í frumv. yrði bætt ákvæði um, að auk Siglingamálastofnunarinnar skyldu og aðrar ríkisstofnanir og Fiskifélag Íslands vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um siglingamál og skipasmíðar. Þórður Eyjólfsson, hrd., benti á, að ekki færi vel á því, að fjalla í lögum um Siglingamálastofnunina um verkefni ann-arra stofnana. Getum við fallizt á þetta, en tökum fram, að við vildum girða fyrir, að upphaflega ákvæðið ylli þeim misskilningi, að Siglingamálastofnunin skyldi vera eini ráðgefandi aðili ríkisstjórnarinnar um þessi mál. Nokkur breyting á upphaf-lega ákvæðinu girðir fyrir þennan misskilning, eins og fram kemur í grg. fyrir 1. lið 2. gr. frumv.

2. Viðaukaákvæði, sem við lögðum til, að fellt yrði inn í 2. lið 2. gr. frumv., hefur nú að nokkru leyti verið fellt inn í frumv. til laga um eftirlit með skipum eða bætt við niðurlag liðarins, og efni hans þar með gert glegggra.

3. Við lögðum til, að við 9. lið 2. gr. frumv. yrði bætt eftirfarandi:

„Siglingamálastofnunin skal hafa náið samráð við Fiskifélag Íslands um gerð og útgáfu skipaskrár og hafa aðgang að gögnum þess, sem nauðsynleg eru, og skal leitazt við að hún sé sem notadrýgst Fiskifélaginu við hin ýmsu störf, sem því er falið af ráðuneytum og samkvæmt sérstökum lögum. Jafnframt sé þess gætt, að skipaskráin sé fullprentuð sem fyrst eftir áramót, og skal stofnunin þá afhenda Fiskifélaginu svo mörg eintök, sem það telur sig þurfa til þess að binda við og gefa út með sjómannaalmanaki, enda séu bæði ritin í sama broti. Heimilt er að gefa út endurskoðaða og leiðrétt viðaukaskipaskrá milli áramóta.

Siglingamálastofnunin skal jafnan vera við því búin að gefa opinberum aðilum og samtökum útvegsmanna og sjómanna og öðrum þeim, er þess þarfnast, upplýs-ingar úr skipaskrá þ. á m. um atriði, er varða skráningu skipa og eignaraðild að skipum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár og þ. á m. útgáfutíma og upplýsingaskyldu stofnunarinnar.“

Hér bar enn að sama brunni, að ekki þótti rétt að fjalla í frumv. um aðrar stofnanir en Siglingamálastofnunina. Liðurinn stendur nú óbreyttur í frumv., að öðru leyti en því, að bætt er við svo hljóðandi ákvæði: „Ráðherra getur sett nán-ari reglur um gerð skipaskrár.“ Auk þess er bætt inn ákvæði um útgáfu aukaskrár, þegar þörf krefur.

Það mælir og gegn því, að fyrrgreint ákvæði, sem við mæltum með, yrði tekið upp í frumv., að það táknaði litla raunverulega breytingu á þeim hætti um útgáfu skipaskrár og sjómannaalmanaks, sem nú er á, eða gat orðið á, án þessa ákvæðis. En það, sem fyrir okkur vakti, var að fá breytt því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, að tveir aðilar gefi út skipaskrár með öllum þeim aukna kostnaði og fyrirhöfn, sem því fylgir, ekki sízt þar sem uppsetning þeirra er gerólk og þeim ber alls ekki í öllum atriðum saman. Er slíkt alveg ótækt. Við viljum heldur ekki láta undir höfuð leggjast að lýsa þeirri skoðun okkar, að eðlilegt og óhjákvæmilegt sé, að Siglingamálastofnunin annist útgáfu skipaskrárinnar, þar sem henni verður væntanlega í framtíðinni, eins og skráningarskrifstofunni nú, falið að annast skráningu skipa.

Þótt við getum fallið á, að ákvæði þau um skipaskrána, sem við lögðum til að tekin væru upp í frumv., verði ekki nema að sumu leyti felld inn í það, viljum við þó nota þetta tækifæri til að hvetja mjög eindregið til þess, að siglingamálaráðherra noti sem skjótast heimild frumv., ef að lögum verður, til að setja reglur um útgáfu skipaskrár, er aðallega komi í veg fyrir það villandi fyrirkomulag, sem nú ríkir, og jafnframt til aukins sparnaðar og minni fyrirhafnar.

4. Á sveimi mun vera allmikil gagnrýni á einkastörf starfsmanna skipaskoðunarinnar, sem séu ósamrýmanleg sýslunarstörfum þeirra. Ekki er okkur kunnugt um, að þessi gagnrýni hafi komið fram opinberlega. Við teljum, að úr þessu sé alltof mikið gert, þótt við teljum ekki ástæðu til að ræða það frekar hér. En samt sem áður gerðum við tilraun til þess í umsögn okkar frá 14. marz s. l. að stinga upp á, að sett yrðu í frumv. allströng ákvæði um þetta efni. Ekki er okkur kunnugt um, að í lögum finnist hliðstæð ákvæði um neina opinbera starfsmenn, nema þá helzt ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins, sem meinar hæstaréttardómurum kjörgengi til Alþingis.

Ábending okkar um þetta efni hefur nú verið tekin til greina, þannig að við teljum fyllilega viðunandi, með ákvæði 3. mgr. 6. gr. frumv. Störf, sem þar greinir, mega starfsmenn að sjálfsögðu vinna fyrir opinbera aðila, enda væri annað óeðlilegt, en tillögu okkar mátti misskilja að þessu leyti. Upphafleg tillaga okkar um launagreiðslur fyrir þau störf er og óþörf og orkar að auki tvímælis. Okkur er ljóst, að mörgum opinberum starfsmönnum myndi þykja, eins og nú háttar, fullþungbært að búa við ákvæði eins og það, sem sett er í 3. mgr. 6. gr. þessa frumv., en e. t. v. gæti þetta gefið nokkra bendingu um það, sem koma ætti.

5. Tekið var fullt tillit til ábendingar okkar um, að viðkomandi samtök útgerðarmanna og sjómanna fái í hendur niðurstöður rannsókna á sjóslysum. Er ákvæði um það tekið upp í sérstakt frumv. til laga um eftirlit með skipum.

Um efni frumv. að öðru leyti viljum við vísa til grg. þeirrar, sem fylgir frumv. Niðurstaða okkar er sú, að frumv. um Siglingamálastofnun ríkisins sé nú svo úr garði gert, að eðlilegt sé, að það nái fram að ganga. Við erum og þeirrar skoðunar, að mjög sé aðkallandi að ljúka afgreiðslu þessa máls sem allra fyrst, þar sem á því veltur ýmisleg önnur nauðsynleg lagasetning og lausn á aðkallandi verkefnum þessarar stofnunar.

Loks teljum við, að með frumv., ef að lögum verður, sé skipan þeirra mála, sem það fjallar um, gerð gleggri og einfaldari, og ætti það m. a. að eyða margvíslegri tortryggni, sem virðist hafa legið í loftinu um störf þessara stofnana.

Reykjavík, 6. október 1969,

Guðmundur H. Oddsson.

Jón Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.